

SKÚLAGATA-KLAPPARSTÍGUR

FRAMKVÆMDAEFTIRLIT



HELGA JÓNSDÓTTIR OG HILDUR GESTSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

REYKJAVÍK 2024

FS992-24121

Forsíðumyndin sýnir verktaka vinna við gröft á skurði 1

þar sem er grafið fyrir aðstöðuhúsi Strætó.

Horft í austur.

Ljósmynd Gylfi Helgason

©Fornleifastofnun Íslands 2024

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Vefsíða: www.fornleif.is



Mynd 1 Afmörkun framkvæmdasvæðisins (kortagerð: Helga Jónsdóttir)

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: **202403-0151**

Þjóðminjasafnsnúmer: **2024-11**

Tilgangur: **Framkvæmdavakt vegna vinnu við uppsetningu endastöðvar fyrir strætisvagna á vegum Reykjavíkurborgar.**

Tegund: **Framkvæmdaeftirlit.**

Staðsetning: **Skúlagata á móts við Skúlagötu 3, Reykjavík**

GPS hnit: **ISN93: 357595, 408340**

Rannsóknartími: **25.mars 2024-29. apríl 2024**

Leyfishafi: **Gylfi Björn Helgason**

Fjöldi starfsmanna: **4**

Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Abstract.....	4
Inngangur.....	5
Saga svæðisins	5
Rannsóknin	5
Gripir.....	10
Niðurstöður	10
Viðaukar	12
Einingar	12
Fundaskrá.....	12
Ljósmyndaskrá	13

Útdráttur

Á tímabilinu 25. mars -29. apríl 2024 fór fram framkvæmdavakt vegna breytingar á nýtingu bílastæðis við Skúlagötu á móts við Klapparstíg 3. Fyrirhugað var að endastöð Strætó yrði færð þangað frá Hlemmi. Vaktaði fornleifafræðingur gröfuvinnu allan tímann. Á þremur stöðum komu í ljós mannvistarlög í sniðum frá síðari hluta 19. aldar til fyrri hluta 20. aldar.

Lykilorð: Framkvæmdavakt, Reykjavík, Skúlagata, Klöpp, Skuggi, tómthúsbýli, 19. öld, 20. öld.

Abstract

A watching brief was carried out in Skúlagata Reykjavík, opposite Klapparstígur 3, between March 25th and April 29th, 2024, due to changes of a parking lot to a bus station. An archaeologist monitored all the soil removal at the site. There were three instances where archaeological deposits were exposed in sections, dating to late 19th - early 20th century.

Keywords: Watching brief, Reykjavík, Skúlagata, Klöpp, Skuggi, fisherman's cottage, 19th Century, 20th Century.

Inngangur

Í mars 2024 fór Matthías Ásgeirsson byggingaverkfræðingur f.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þess á leit við Fornleifastofnun Íslands í tengslum við breytingu bílastæðis við Skúlagötu í tímabundna endastöð Strætós. Minjastofnun Íslands hafði farið fram á að framkvæmdir yrðu vaktaðar¹. Framkvæmdavaktin var staðin frá 25.3.2024-29.4.2024 aðallega af Gylfa Helgasyni (leyfishafa) og Helgu Jónsdóttur, en einnig tóku Hildur Gestsdóttir og Sólveig G. Beck þátt í vettvangsvinnu. Helga og Hildur sáu um samantekt þessa. Framkvæmdaaðili var verktakafyrirtækið Gleipnir og var samvinna við það mjög góð. Reykjavíkurborg kostaði alla þætti rannsóknarinnar.

Saga svæðisins

Framkvæmdasvæðið er alfarið innan landi Klappar, tómthúsbýli sem var byggt úr landi Arnarhóls árið 1838. Þar áður stóð tómthúsbýlið Skuggi, sem reis árið 1802, á þessum slóðum, líklega aðeins austar en Klöpp, en það fór í eyði um 1845. Rétt fyrir utan þessi býli voru varirnar Klapparvör og Skuggavör sem tómthúsbændur í Skuggahverfi gerðu út frá. Klöpp var í byggð til 1931 en síðasta húsið, Klapparhús, sem stóð þar var selt þá til niðurrifs þegar leggja átti Skúlagötu.² Eftir að býlin voru úr sögunni var svæðið notað undir iðnað. Trésmiðjan Völundur stóð sunnan megin við Skúlagötu og Olíustöð B.P. norðan við hana. Síðustu leifar af þessum mannvirkjum voru rifin 1988 til að rýma fyrir Sæbraut sem lögð var þarna á landfyllingu³


Rannsóknin

Framkvæmdin stóð í mánuð og vöktuðu fornleifafræðingar hana á meðan gröftur fór fram og var litið við tvisvar á dag aðra daga. Alls var grafinn 21 skurður allir um 1-1,5 m djúpir. Ellefu skurðir voru grafnir fyrir ljósastaurum, ræsum og lögnum. Tíu minni skurðir voru grafnir fyrir undirstöður aðstöðuhúss sem stendur til að reisa í suðausturhorni framkvæmdasvæðisins. Allir skurðirnir voru norðaustan megin við

¹ Inga Sóley Kristjónsdóttir, 2024.

² Anna Lís Guðmundsdóttir 2023, bls 3, 7, 18, 19; Páll Línadal 1987, bls 66-67; sami 1988 bls

gangstétt sem liggur meðfram norðaustur hlið Skúlagötu milli bílastæðis og götu. Minjar komu fram á þremur stöðum þar sem grafið var.



Mynd 2. Myndin, sem snýr í norður, sýnir skurðina sem grafnir voru. (kortagerð: Helga Jónsdóttir)

Í ljós kom að búið var að jarðvegsskipta alls staðar þar sem grafið var fyrir utan á þremur svæðum. Það sást móöskulög í þremur skurðum nr. 1, 3 og 8 (sjá mynd 2). Í skurði 1 kom í ljós móöskulag með koladreif í norðurenda skurðar. Lagið var skráð með ljósmyndum (myndir 3-6) og uppmælingu (sjá gula línu á mynd 2). Nokkrir gripir komu úr þessu lagi; gler <2024-11-001>, skelbrot <2024-11-002>, leirker <2024-11-003> og krítarpípubrot <2024-11-004>.



Mynd 3. Skurður 1, horft í norður
(ljósmynd: Gylfi Helgason).



Mynd 4. Skurður 1, austursnið sem var mælt og ljósmyndað
(ljósmynd: Gylfi Helgason).



Mynd 5. Nærmynd af sniði í norður í skurði 1 (ljósmynd: Gylfi Helgason).



Mynd 6. Nærmynd af sniði í austur í skurði 1
(ljósmynd: Gylfi Helgason).


Í skurði 3 (blá lína á mynd 2) var norðursnið teiknað, mælt og ljósmyndað (sjá mynd 8). Þar fannst niðurgröftur [304] með við, [308] og grjóti [303]. Kom í ljós að þarna var gömul vatnsleiðsla sem var í viðarstokk en betur sást í leiðslurnar í skurði 8 sem var grafinn samsíða skurð 3 (sjá mynd 9). Vatnsleiðslur þessar liggja NV-SA um 40 cm undir yfirborði og undir þeim leirkennt lag með engri mannvist og svartur flekkur með olíulykt. Tvö glerbrot <2024-11-005> fundust í jarðlagi [305] sem vatnsleiðslan skar.



Mynd 7. Í skurði 3 var niðurgröftur með grjóti og viðarleifum.
Horft í norðaustur (mynd Helga Jónsdóttir)

Mynd 8. Sniðteikning úr skurði 3.

- [301] möl, undirlag undir malbik
- [302] kola og viðaraska, efsta fylling í gryfju
- [303] smásteinar í botni gryfju, liggja á viðarösku
- [304] gryfja
- [305] dökkrauð móaska-hugsanlega torfdreif
- [306] þéttur gulbrúnn leir, hugsanlega smá torfflekkur
- [307] óhreyft-ísaldarleir
- [308] spýta í gryfju-viðarstokkur





Mynd 9. Suðursnið í skurði 8. Sést í vatnslagnir sem skráðar voru í skurði 3. Móaska og koladreiferu þar undir. Horft í suðvestur (mynd: Helga Jónsdóttir)

Gripir

Við framkvæmdareftirlit þetta fundust fimm gripir. Í sniði 1 fundust tvö græn flöskuglerbrot <2024-11-005>) og í sniði 2 fannst brot úr krítarpípu <2024-11- 001>, grænt flöskuglerbrot <2024-11- 004>, lítið skelbrot <2024-11- 002> og hvítt leirkersbrot <2024-11- 003>úr disk eða öðru leirtaui. Allir fyrir utan krítarpípubrotið má telja frá lokum 19. til fyrri hlutar 20. aldar. Krítarpípurnar voru notaðar allt frá 16.öld fram að lokum 19. -byrjunar 20. aldar.

Niðurstöður

Niðurstaða framkvæmdaeftirlits við Skúlagötu voru þær að svæðinu hefur öllu verið mikið raskað á 20. öld, og mikið jarðvegsskipt á þessum tíma, líklega í tengslum við lagnir og gatnagerð. Einungis á þremur stöðum komu mannvistarlög í ljós, annars vegar móöskulög (skurðir 1, 3 og 8) með gripum sem benda til þess að þau séu frá 19. öld verður að teljast líklegt að þetta séu minjar frá þeim tíma sem tómthúsið Klöpp stóð á þessu svæði. Vatnslagnir í skurðum 3 og 8 sem að öllum líkindum frá því eftir 1909 en þá var byrjað að leggja vatnsveitu í Reykjavík⁴.

⁴ Klemens Jónsson, 1929 bls. 213.

Heimildir

Anna Lís Guðmundsdóttir. 2023. *Klökk-Skúlagata. Fornleifaskrá*. Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla nr. 229.

Einar S. Arnalds, *Saga Reykjavíkur. Sögustaður við Sund*. 4. bindi. Reykjavík 1989.

Guðjón Friðriksson. 1989. *Forðum tíð í Flosaþorti, fyrri hluti, í Lesbók Morgunblaðsins*.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 1985. *Skuggahverfi – Skrá yfir hús í hverfi norðan Hverfisgötu, milli Ingólfsstrætis og Vitastígs*. Árbæjarsafn.

Inga Sóley Kristjónudóttir. 2024. *Bílastæði við Skúlagötu-afnotaleyfisumsókn*. Reykjavík, 11. mars 2024 MÍ202403-0073/ 6.10 / I.S.K.

Klemens Jónsson. 1929. *Saga Reykjavíkur. Síðara bindi*. Félagsprentsmiðjan. Reykjavík.

Páll Línal. 1987. *Reykjavík, sögustaður við Sund*. 2. Bindi H-P. Bókaútgáfan Örn og Örlygur

Páll Línal. 1988. *Reykjavík, sögustaður við Sund*. 3. Bindi R-Ö. Bókaútgáfan Örn og Örlygur

Viðaukar

Einingar

Eininga númer	Lýsing	Svæði	Dag- setning	Skrá- setjari
301	möl-undirlag undir malbik	Snið 1	10.04.24	HJ
302	kola og viðaraska, efsta fylling í gryfju+spýta	Snið 1	10.04.24	HJ
303	smásteinar í botni gryfju-liggja á viðarösku	Snið 1	10.04.24	HJ
304	gryfja	Snið 1	10.04.24	HJ
305	dökkrauð móaska með smá kolaflekkjum	Snið 1	10.04.24	HJ
306	þéttur gulbrúnn leir, hugsanlega smá torfflekkir	Snið 1	10.04.24	HJ
307	óhreyft-ísaldarleir	Snið 1	10.04.24	HJ

Fundaskrá

Staður	Funda- númer	Svæði	Ein- ing	Efni	Tegund	Lýsing	Fundið dag
Skúlagata	2024-11-001	Skurður 1		Keramík	Krítarpípa	Brot úr krítarpípulegg	5.4.2024
Skúlagata	2024-11-002	Skurður 1		Skel	Skelbrot	Brot úr bláskel	5.4.2024
Skúlagata	2024-11-003	Skurður 1		Keramík	Brot úr hvítu leirkeri	Hvítur leir með gljáa	5.4.2024
Skúlagata	2024-11-004	Skurður 1		Gler	Glerbrot	Brot úr grænni flösku	5.4.2024
Skúlagata	2024-11-005	Skurður 3	[305]	Gler	Glerbrot	2 brot úr grænni flösku	10.4.2024

Ljósmyndaskrá

Númer	Svæði	Átt	Lýsing	Dags.	ID	Athugas.
20240417_8669	Skurður 1	S	Brunnur og lagnir í Skúlagötu norðanmegin	4.4.2024	HJ	
20240417_8670	Skurður 1	S	Brunnur og lagnir í Skúlagötu norðanmegin	4.4.2024	HJ	
20240417_8671	Skurður 1	S	Brunnur og lagnir í Skúlagötu norðanmegin	4.4.2024	HJ	
20240417_8672	Skurður 1	A	Brunnur og lagnir í Skúlagötu norðanmegin	4.4.2024	HJ	
20240417_8673	Skurður 1	A	Brunnlok	4.4.2024	HJ	
20240405_1831	Skurður 1	A		5.4.2024	GH	
20240405_1832	Skurður 1	A		5.4.2024	GH	
20240405_1833	Skurður 1	A		5.4.2024	GH	
20240405_1834	Skurður 1	A		5.4.2024	GH	
20240405_1835	Skurður 1	A		5.4.2024	GH	
20240405_1836	Skurður 1	A		5.4.2024	GH	
20240405_1837	Skurður 1	A		5.4.2024	GH	
20240405_1838	Skurður 1	A		5.4.2024	GH	
20240405_1839	Skurður 1	A		5.4.2024	GH	
20240405_1840	Skurður 1	N		5.4.2024	GH	
20240405_1841	Skurður 1	NA		5.4.2024	GH	
20240405_1842	Skurður 1	A		5.4.2024	GH	
20240405_1843	Skurður 1	A		5.4.2024	GH	
20240410_8688	Skurður 3	NA	Norðursnið með niðurgreftri. Timburstokkur og grjót undir	10.4.2024	HJ	Sniðið var teiknað
20240410_8688	Skurður 3	NA	Norðursnið með niðurgreftri. Timburstokkur og grjót undir	10.4.2024	HJ	Sniðið var teiknað
20240410_8689	Skurður 3	NA	Norðursnið með niðurgreftri. Timburstokkur og grjót undir	10.4.2024	HJ	Sniðið var teiknað
20240410_8690	Skurður 3	NA	Norðursnið með niðurgreftri. Timburstokkur og grjót undir	10.4.2024	HJ	Sniðið var teiknað
20240410_8691	Skurður 3	NA	Norðursnið með niðurgreftri. Timburstokkur og grjót undir	10.4.2024	HJ	Sniðið var teiknað
20240410_8692	Skurður 3	NA	Norðursnið með niðurgreftri. Timburstokkur og grjót undir	10.4.2024	HJ	Sniðið var teiknað
20240410_8693	Skurður 3	NA	Norðursnið með niðurgreftri. Timburstokkur og grjót undir	10.4.2024	HJ	Sniðið var teiknað
20240410_8694	Skurður 3	NA	Norðursnið með niðurgreftri. Timburstokkur og grjót undir	10.4.2024	HJ	Sniðið var teiknað
20240410_8695	Skurður 3	NA	Norðursnið með niðurgreftri. Timburstokkur og grjót undir	10.4.2024	HJ	Sniðið var teiknað
20240410_8696	Skurður 3	NA	Norðursnið með niðurgreftri. Timburstokkur og grjót undir	10.4.2024	HJ	Sniðið var teiknað
20240410_8697	Skurður 3	NA	Norðursnið með niðurgreftri. Timburstokkur og grjót undir	10.4.2024	HJ	Sniðið var teiknað
20240410_8698	Skurður 3	NA	Norðursnið með niðurgreftri. Timburstoót undir	10.4.2024	HJ	Sniðið var teiknað
20240410_8699	Skurður 3	NA	Norðursnið með niðurgreftri. Timburstokkur og grjót undir	10.4.2024	HJ	
20240411_144315	Skurður 6	S	Yfirlit - skurður	11.4.2024	HG	
20240411_144412	Skurður 7	NV	Yfirlit - skurður	11.4.2024	HG	
20240411_150830	Skurður 9	NV	Yfirlit - skurður	11.4.2024	HG	

Númer	Svæði	Átt	Lýsing	Dags.	ID	Athugas.
20240411_150851	Skurður 10	V	Yfirlit - skurður	11.4.2024	HG	
20240411_150859	Skurður 10	NV	Yfirlit - skurður	11.4.2024	HG	
20240411_150859	Skurður 11	NV	Yfirlit - skurður	11.4.2024	HG	
20240411_8715	Skurður 8	A	Lagnir efst í skurði 8	11.4.2024	HJ	
20240411_8716	Skurður 8	A	Lagnir efst í skurði 8	11.4.2024	HJ	
20240411_8717	Skurður 8	A	Lagnir efst í skurði 8	11.4.2024	HJ	
20240411_8719	Skurður 8	S	Um 40 cm undir yfirborði er gamalt vatnsrör.	11.4.2024	HJ	
20240411_8720	Skurður 8	S	Um 40 cm undir yfirborði er gamalt vatnsrör.	11.4.2024	HJ	
20240411_8721	Skurður 8	SV	Um 40 cm undir yfirborði er gamalt vatnsrör.	11.4.2024	HJ	
20240411_8722	Skurður 8	V	rör fyrir ræsi	11.4.2024	HJ	
20240411_8723	Skurður 8	V	svartur flekkur m olíulykt, ekki mannvist	11.4.2024	HJ	
20240411_8724	Skurður 8	S	Um 40 cm undir yfirborði er gamalt vatnsrör.	11.4.2024	HJ	
20240411_8725	Skurður 8	SV	Yfirlit - skurður	11.4.2024	HJ	
20240411_a		SV	Yfirlit yfir svæðið	11.4.2024	HJ	
20240411_b		V	Yfirlit yfir svæðið	11.4.2024	HJ	
20240429_5468		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5469		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5470		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5471		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5472		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5473		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5474		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5475		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5476		A	yfirlitsmynd af grunni f hús og grafa	29.4.2024	GH	
20240429_5477		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5478		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5479		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5480		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5481		NV	yfirlitsmynd af grunni f hús og grafa	29.4.2024	GH	
20240429_5482		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5483		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	
20240429_5484		x	grunnur f hús	29.4.2024	GH	